

HEIÐRANIR STARFSFÓLKS

Gunnar Beinteinsson

framkvæmdastjóri rekstrar- og mannauðssviðs



Auður Ester

Guðlaugsdóttir

tölvunarfræðingur /
teymisstjóri

„Auður er lykilstarfsmaður í rekstri og framþróun upplýsingatækni­kerfa spítalans. Hún er ávallt til taks, tilbúin að axla ábyrgð, leiða tæknilegar breytingar og veita ráðgjöf. Hún kemur að flestum tæknilegum fram­þróunarverkefnum og er sannkallaður lykilaðili í einu flóknasta tölvuumhverfi landsins.“

Ásgerður Margrét Helgadóttir

heilbrigðisritari

„Ásgerður er frábær samstarfsmaður og er hjarta deildarinnar. Ásgerður hefur unnið óeigingjarnt starf síðustu tvo áratugi, hlaupið í hin ýmsu verkefni og greitt götu margra. Það eru forréttindi að vinna með henni.”





Ásta Sigríður Stefánsdóttir

félagliði

„Ásta er einstök manneskja sem endurspeglast svo fallega í hennar starfi. Hún er sú sem leiðir hópinn áfram þegar þreyta er komin í mannskapinn, þá minnir hún á faglegar skyldur og virðið í þjónustunni sem við veitum.“

Bjarni Geir Ársælsson

sjúkraliði

*„Bjarni er einstakur starfsmaður.
Hann smitar alla í kringum sig með
jákvæðni sinni og manngæsku.
Hann er einstaklega nærgætinn
og hlýr við sjúklinga. „Það þyrftu
að vera til fleiri Bjarnar“ er setning
sem heyrir oft frá sjúklingum.”*





Gestur Guðjónsson

vélfræðingur

„Gestur hefur í mörg ár unnið óeigingjarnt starf í þvottahúsi Landspítala. Hann gistir í þvottahúsinu ef vont veður er í kortunum og líkur á að hann komist ekki til vinnu. Hann leggur áherslu á öryggi starfsmanna og framkoma hans við samstarfsfélaga er til fyrirmyndar.“

Guðrún Erna Baldvinsdóttir

sérfræðilæknir

„Það sem einkennir Guðrúnu er fagmennska, jákvæðni og ástríða fyrir veirufræði.

Í Covid-19 faraldrinum vann Guðrún sannkallað þrekvirki. Hún sinnir starfi sínu af alúð og mikilli fagmennsku og hjá henni er sjúklingurinn ávallt í öndvegi og gæði þjónustu í algjörum forgrunni.”





Gunnhildur Ingólfssdóttir

gæðastjóri

„Gunnhildur Ingólfssdóttir hefur unnið gríðarlega mikilvægt og krefjandi starf. Hún er afskaplega yfirveguð, með góða nærveru og gott að leita til hennar með öll mál, stór eða smá. Gunnhildur býr yfir mikilli reynslu á sviði gæðamála og er algjör burðarstólpi í gæðamálum hjá klínísku rannsóknar- og stoðþjónustu-sviði.“

Ingibjörg Eiríksdóttir

sérfræðingur í
ljósmóðurfræði

„Ingibjörg er fagmaður fram í fingurgóma. Hún er brautryðjandi í umönnun og fræðslu í fjölburameðgöngum, fæðingum og brjóstagjöf á Landspítala. Ingibjörg hefur verið mjög virk í umbótastarfi og einstök auðmýkt, nærgætni og umhyggja einkenna hennar starf í þjónustu við fjölskyldur í barneignafæri.”





Ingibjörg Hauksdóttir

deildarstjóri

„Ingibjörg er einstakur leiðtogi og yfirmaður sem hefur þann hæfileika að geta sýnt umhyggju og samkennd í starfi. Vegna hennar hefur myndast skapandi umhverfi sem drífur áfram umbætur og nýsköpun, þar sem allir hafa rödd.“



**Jóhanna Elísa
Engelhartsdóttir**
lífeindafræðingur

„Jóhanna er framúrskarandi starfskraftur á öllum sviðum. Gæði þjónustunnar eru til fyrirmyndar sem og öll hennar vinnubrögð. Hún er sá sem maður leitar til með allt og er sannkallaður klettur á rannsóknarkjarna.“

Jónína Hólmfríður Hafliðadóttir

sérfræðingur í hjúkrun

„Jónína er klínískur sérfræðingur í parkinsonhjúkrun og er frumkvöðull í sínu starfi. Velvild hennar í garð sjúklinga og samstarfsaðila er einstök. Jónína er lykilpersóna í þróun hjúkrunar innan þessa sviðs á Íslandi og segja má að hún hafi lyft grettistaki í að efla, ekki eingöngu hjúkrun parkinsonveikra heldur einnig taugahjúkrun á landinu.“



Rannveig Alma

Einarsdóttir

klínískur lyfjafræðingur

„Rannveig er einn af fyrstu klínísku lyfjafræðingum landsins. Hún hefur starfað á Landspítala í rúm 30 ár sem klínískur lyfjafræðingur. Hennar þekking á öllu sem snertir lyfjameðferðir sjúklinga, stjórnsluna í lyfjamálum og lyfjaöryggi er gríðarlega yfirgripsmikil og verðmæt.“



CATO teymið og teymisstjórar 11BC fyrir innleiðingu á CATO

„CATO teymið hefur unnið að innleiðingu fyrsta lokaða lyfjakerfisins á spítalanum sem er gríðarlegt framfaraskref í öryggi flókinna lyfjagjafa. Teymið hefur stutt vel við klínísku starfsemina á innleiðingartímanum.

Teymisstjórar 11BC hafa innt af hendi öflugra vinnu að innleiðingu CATO og þannig lagt þung lóð á vogarskálarnar í því að tryggja öryggi starfsmanna og sjúklinga í krabbameinslyfjameðferð.“





Starfsfólk göngudeildar smitsjúkdóma

*„Starfsfólk göngu-
deildar smitsjúkdóma
hefur ætíð unnið
fordómalaust og verið
málsvarar fólks í
fíknivanda og erfiðum
félagsaðstæðum.
Nýverið var opnuð
hjúkrunarmóttaka fyrir
fólk sem notar vímuefni
í æð. Í starfinu er komið
til móts við ólíkar þarfir
fólks og telst til
fyrirmyndar fyrir
þjóðfélagið allt.“*



Starfsfólk kviðarhols- og þvagfæraskurð- deildar 13EG

„Deildin brást vel og fljótt við þegar þurfti að opna auka legurými til að létt á bráðamóttökunni í lok desember og í janúar síðastliðnum.“

Teymi minnismóttöku göngudeildar Landakoti

*„Sérstaklega samstíga hópur
sem hefur náð niður biðlista
minnismóttökunnar með
samstilltu átaki. Í teyminu er
unnið af mikilli fagmennsku,
virðingu og umhyggju.“*





Innleiðingar- teymi tölvukerfa á opinberar lækninga- rannsóknarstofur

„Vinna teymisins hefur aukið gæði rannsókna á landsvísu, aukið öryggi sjúklinga, komið í veg fyrir óþarfar endurtekningar á rannsóknum og svo hefur náðst mikil hagræðing í vinnu á rannsóknarstofum. Teymið á mikinn heiður skilinn fyrir öflugt starf og þrautseigju.“